Viljinn

# Viljinn.

4. Blað.

Veturinn 1921–22.

Ritstj. Stefán Vagnsson.

# Gesturinn.

„Viljinn," gáði gesturinn
Gamall þjóðarvani,
að allir bjóði bændurnir
bestum Góðasvani. –

Enn er „Viljinn" þar á fæti
fer þó hvíld á bæjunum.
Með sjer flytur kost og kæti
kurteis heilsar bændunum.
Honum bjóða helstu sæti,
hýrnar yfir stúlkunum.
Ef hann aðeins gefið gæti
góðan koss í skugganum.

Til mín kom sá góði gestur
göngumóður reynast vann.
Á veitingunum varð þó frestur
vinsamlega að því hann

Þegar var í sæti sestur
siðprúður hann gladdi mann.
Í sumum fræðum fanst mjer bestur
fullkomnasti vera hann.

Raunar var í rifnum klæðum.
Reyndin hans var aftur góð.
Óði mikið kunni af kvæðum
kosta-samanbarin-ljóð.
Vildi hann með rjettum ræðum
reyna til að vekja þjóð.
Því sveitin ætti gnægð af gæðum
geipi stóran varasjóð.

Vilja þrekið vildi glaða
vera og til skemtunar.
Fjelagsmálin fús að ræða
en forðast deilur óþarfar.
Eitthvað myndi fólkið fræða
flestar reyna leiðirnar.



Sundurlyndis sár'in græða.
Samfaring hans þetta var.

— " — " — " —

Þessi gestur gefur yndi
gleðir líka sálar hita.
Burtu frá mjer fór í skyndi
ferðalagið við að strita.
Þó var komið í ljúfu lyndi
Lýður ætti slíkt að vita.
Fyrir megurð falla myndi
fengi ann hvergi ætan bita.

Agnar Baldvinsson

## Staka

Menn þó segi örfá orð,
Einar fram í tekur.
Við áherslurnar ber í borð
bóndinn nokkuð frekur.

A.

# Rabindranath Tagore.

Eftir Magnús Gíslason.

Margir af lesendum „Viljans“ munu hafa heyrt manns þessa getið. Hann á heima austurá Indlandi, er indverskur að ætt og uppruna, og af göfugu fólki-kominn. Hann er spekingur að viti, og hugsjóna-ríkur mannkostamaður, en frægð sína hefur hann ekki ~~ett~~ mest hlotið fyrir það heldur hitt, að hann er skáld, og skáld af guðsnáð má óhætt fullyrða. Vafalaust á ekkert skáld nú, í heiminum jafnmikilli hylli að fagna sem hann, á fósturjörð sinni, því á Indlandi er Tagore talinn helgur maður í augum lýðsins. Indverjar eru miklir hugsjónamenn og því næmir fyrir öllum andlegum áhrifum. Lífsskilyrðum þeirra era líka á þann



veg farið að þeir hafa miklu minni áhyggjur að bera fyrir lífinu, heldur enn við, sem búum við erfiðari og óblíðari náttúru hjer norður við heimskaut. Enn fremur eru það trúarbrögðin, Buddha og Brahmatrú sem áhrif hafa á þjóðina að gjöra hana að gjöra hana andlega sinnaða, en leggja oft litla áherslu á „jarðnesku gæðin“. Og þetta hefir átt sinn þátt í því að gera Indverja að hugsjóna mönnum. Við verðum að játa að margt sje í siðum þessarar þjóðar og trú, er standi framar, þ. e nær guðdóminum, enn hjá okkur kristnu þjóðunum, og má sem dæmi nefna að trúarlíf Indverja, er mikið betur vakandi heldur enn hjá kristnu þjóðunum. Guðdómurinn er allt. Fyrir hann er vert að leggja allt sitt líf, eignir og metorð í sölurnar

Það verður því óhætt að kveða upp
þann dóm, að Indverjar sjeu
ekki miklir eftirshyggju menn,
en það er nú einmitt sá galli
sem okkur er kent á brýn að við
ölum í hjörtu.
En svo erum við þeim líka fremri í
mörgu hvað tíraldarlíf snertir. Indv.
sjerstakl. þeirra helgu menn, bera
mjög litla virðingu fyrir þeirra
líkamlegu persónu og það sem
henni viðkemur. Þeir hneigjast
mikið að meinlætalifnaði. Kvelja
sjálfa sig með ýmsum hætti,
í þeim tilgangi að vinna vinna
bug á sínum líkamlegu girndum
og ná meira valdi á andanum.
Einnig líka til að afplána drýgðar
syndir, losast við hegningu í öðru
lífi, einsog þeir sjálfir hugsa. Þeir
fyrirlíta þetta jarðlíf og telja það
einskis nýtt.



En þarna finst okkur einmitt
þeirra veika hlið vera, herfilegur
misskilningur á tilgangi guðdómsins
Hjá þessari þjóð hefir nú Tagore lifað
alist upp í trú hennar og menningu
En fjarstæða væri að halda, að hann í
lífspeki og trú, fylgi hinum helgu
fyrirrennurum sínum, hvað mein-
lætalifnað snertir. Hann elskar lífið
og náttúruna eins og barn elskar móður
sína. Hann nær í ljóðum sínum undur
ríkum samhljómum, frá náttúrunni og
mannsandanum, samhljómum sem
sína skyldleikann á milli, að hún og
okkur svo nátengd að þar komist
ekkert annað að. Þar sje nægtabrunnur
Og einmitt fyrir sína fjálgu lífsskoðun,
er Tagore rómaður og elskaður,
ekki einungis af sinni þjóð,
heldur af öllum sem átt hafa kost á
Ljóðum hans og þeim hugsunum sem í þeim
birtast.

Hann var 19 ára er hann gaf
út fyrstu bókina, og varð þá þaga-
um leið. Litið eldri samdi hann
leikrit, og vinsældir þess má marka
af því, að einn þann dag í dag
er það leikið í Calkútta. Á ungdóms
árum sínum ritaði hann mest um
söguleg viðburði; sat þá jafnan í
blómgarði sínum á daginn og orti.
Eftir vill kom það fyrir, að þá hann
hafði mesta hugraun að bera, að hann
orti fegurstu ástarkvæði sín.
Eftir 35 ára aldur markast hugur
hans dýpra; ljóð hans bera meir
blæ trúar og heimspeki en áður
ádstu þrár mannsandans koma
æ betur og betur í ljós.
Það er sagt, að í fyrsta sinn, sem
hann prédikaði opinberlega, um
andleg málin, í einni stærstu



kirkjunni í Calkútta, hafi aðsóknin
verið svo mikil að kirkjan ekki
einungis troðfylltist, heldur og
strætið við hana og menn stóðu
í gluggum hennar. Má af því
marka, að einhvers kjarna hafi
verið að pænta í þeirri ræðu.
Merkur Indverji sem kunnur er
háttum Tagore, mælir svo frá, að
skáldið gangi á hverjum morgni
á afvikinn stað og falli þar í
dagdrauma (contemplation)
um guð og tilveruna, og vakni
oft ekki frá þessari umhugsun
fyr en eftir langan tíma.
Bækur Tagore hafa verið þýddar
á helstu tungumál heimsins, og
fært þúsundum sálna gleði og frið,
þegar áhyggjur lífsins hafa um of
þjakað einstaklingnum hefir han

ávalt getað fengið þeirra meina
bót, í einhverri bók Tagore, þar
var lífslyndin. Þjóðirnar hafa líka
sýnt það í verkinu að þær kunni að
meta skáldskap hans, með því
að veita honum bókmentaverðlaun
Nobels, þá mestu sæmd, sem skáldum
og rithöfundum getur hlotnast. Og
nú ekki alls fyrir löngu var skáldið
á ferð um Norðurlönd og þakkaði
fyrir þann heiður. ——
Jeg varð fyrir því happi að ná í eina
af bókum Tagore til aflestrar. Vinur
minn einn ljeði mjer hana og
er hún þýdd á ensku af frum-
málinu og heitir „Gitanjali."
Það er samtal skáldsins við
guðdóminn. Freistandi væri að
lofa ykkur, að heyra pínu úr henni
en jeg er því miður svo illa að



mjer í málinu, að sú þýðing yrði
ei skammlaus frá minni hendi.
Samt langar mig til að reyna
og vil þá fyrst taka ljóð, sem
sýnir hæversku skáldsins í orðum.
„ Líf mitt er á förum, bjóðið
mig fararheilla vinir, því nú
kveð jeg ykkur öll í síðasta sinn.
Takið við lyklunum að húsi mínu
jeg sleppi öllum kröfum til þess.
Nú óska jeg einkis annars að
síðustu, enn góðra orða frá ykkur
í veganesti. Við höfum verið ná-
grannar lengi, en ætíð finst
mjer jeg hafa þegið meira af ykkur
enn jeg hef getað endurgoldið.
Nú eru þeir dagar að dvína. Ljósið
sem lýsti upp fylgsni sálar
minnar er slökt. Kallið er komið
Jeg er ferðbúinn. ——

## „Leitið fyrst Guðríki —

1. Ef það er ekki mitt hlutskifti að
mæta þjer hjer í ~~heimi~~ lífi þá
lát mig ætíð hafa það á samviskunni
að jeg hafi mist sjónar á þjer. Lát
mig ekki gleyma því eitt einasta
augnablik. Lát mig bera sár
þeirrar yfirsjónar í vöku og blund
2. Liggi lífsvegur minn gegnum
hið margmenna sölutorg veraldar
hvar jeg fylli lófa minn daglegum
vinninga, þá lát mig ætíð finna
til þess að jeg hef ekki unnið neitt
Lát mig ekki gleyma því eitt einasta
augnablik. Lát mig bera sár þeirrar
yfirsjónar í vöku og blund.
3. Nær jeg held veislu og glaumur
og gleði heyrist frá húsi mínu
sem fylt er gestum, þá lát mig
minnast þess að jeg hef ekki



boðið þjer, til húsa minna. Lát
mig ekki gleyma því eitt einasta
augnablik. Lát mig bera sár
þeirrar yfirsjónar í vöku og blund

## Gleðigjafinn

1. Þegar jeg gef þjer leikföng barnið
mitt, þá skylst mjer hversvegna
guð hefir skreytt skýin, vatnið,
og blómin fögrum litum.
2. Þegar jeg syng fyrir þig fjörugt
danslag, þá skylst mjer hvers-
vegna hjarta mitt verður snortið
af rödd náttúrunnar.
3. Þegar jeg legg sætindi í litla lófann
þinn, þá skylst mjer hversvegna
blómin eru leynilega fylt
hunangi, og ávextir sætum vökva
4. Þegar jeg kyssi þig elsku barn og
kem þjer til að brosa, ~~og~~ þá skyl jeg hvers
virði morgunroðinn ~~er~~ og sumarblærinn
er sálu minni

Þannig hugsar nú Tagore. Finst ykkur ekki, vinir mínir, þessar hugsanir eiga eitthvað skylt við fögru frækornin sem meistari vor sáði forðum í akur mannlífsins, þótt úr öðrum trúarbrögðum sjeu runnar? Og jeg hef ekki valið neinar sjerstakar perlur, úr bókinni; aðeins tekið dæmi af handahófi, en hún er gullvæg öll, frá upphafi til enda, og gleðiefni er mjer það að hún kvað eiga að koma — eða er komin út á tungu vorri, þá gefst ykkur betra tækifæri enn hjer, að kynnast hugsunum skáldsins indverska

Að síðustu langar mig til að enda með örstuttu ljóði eftir Tagore um heimsókn dauðans.

„Heyr þú móðir! Hvað hefir þú



hugsað þjer að kjósa dauðanum, þegar hann guðar á gluggann þinn? Og færi honum lífsfleytu mína, og læt hann ekki tómhentan frá mjer fara.

Alla þá uppskeru, sem jeg hef aflað á haustdögum og sumarnóttum lífs míns. Já allan minn vinning af starfi mínu, legg jeg fyrir fætur hans á aftni æfi minnar; þá hann sækir mig heim. Því vegna þess að jeg elska þetta líf þá veit jeg að mjer ber að elska dauðann eins heitt."

Jeg hef nú í fáum orðum og ljelegri þýðingu leitast við að sýna hugsunarhátt, þessa indverska manns Tagore. Vona jeg að allir sjái að hann stendur ekki að baki þeirra, sem fremstir teljast meðal kristinna manna.

Ef jeg ætti að líkja honum við

einhvern myndi jeg helst velja til
þess okkar ágæta sálmaskáld
Hallgrím Pjetursson. Mjer finnst þeim
svipa saman að andagift og guð-
mótt, og elska til guðs og manna
koma berlega fram hjá báðum, svo
berlega að ekki verður efað. Og þótt
annar hafi verið kristinn Íslendingur
en hinn sje Bramatrúar Indverji
gæti jeg trúað því, að þeir yrðu sam-
sveitungar, eða nágrannar í öðru
lífi.
Mjer finst trúin sjálf hvað sem hún svo
er kölluð, eigi geta skilið þar á milli.
Báðir hafa þeir verið andlegir leiðtogar
þjóðar sinnar og báðir virðist þeir meta
dauðan mikils, og vera óskelfdir
við hann. Tagore segist með gleði af-
henda honum lífsfleytu sína, en
Hallgrímur segir „ Dauði, kom þú



sæll er þú vilt." Þetta er svo líkt
að það verður varla sundur greint.
Nei! Eins og jeg er viss um að
Hallgrímur Pjetursson hefir
orðið sæll annars heims, eins er
jeg líka sannfærður um að Tagore
verður það þegar þangað kemur, enda
þótt hann hjer í lífi hafi ekki þekkt
kenningar Krists, eða játað kristnina
Jeg er sannfærður um það, að þótt
Tagore deyji, þá lifir andi hans
og heldur áfram sínu góða starfi
og að hans verður minnst í margar
aldir hjer á jörðunni, sem einhv. hins besta
og ágætasta manns. Það má sjálfsagt
heimfæra það uppá hann er G. Th. kvað í Ásareið

„Þó að fornu björgin brotni
bili himinn þorni upp mar
allar sortni sólirnar
Aldrei deyr, þó alt um þrotni
endurminning þess sem var.

[illegible]

## Aðfinnslu-vers.

### Stökur

Hepps á fundum heyrist mjer
hávær stundum glaumur.
Vekur undrun ýmsra hjer
orða glundursstraumur.

Stjórnin finnur ekki að
oft þar minna stundum.
Seggja hinna sýnir það
siðurinn á fundum.

Virðist fáum virðing dýr
vananum ala fundir.
Í einu tala tveir og þrír
tekur salur undir.

Málagangur myndar klið
mikinn, spangarunnar.
Líkt og Drangey vorum við
valið langvíunnar.
A.



## Vernda.

Hve sælt að geta gengið
á götum kærleikans,
og ljetta bróður byrði
og böl hins þjáða manns.
Þó gæfan mörgum gefi
þá gleði er sigrar allt.
Er dimt í sumra sálum
og sannarlega kalt.

Þó menning dýrt sje metin
og merkið bjart og hátt,
er enn þá margt að meini
og margur sem á bágt.
og víða dimt og dapurt
og dauft og hljótt í rann.
Ef þú átt ferð þar framhjá
forsmáðu ei aumingjann.

Og þú munt aldrei iðrast
ef inn þú lítur þar.

og gleði þrótt hins þreytta,
sem þunga lífsins ber,
og strýkur ljettum lófa
~~sem~~ ljúft um grátna kinn.
Jeg hygg þjer hlýni sjálfum
í hjarta, vinur minn.

Því hvar sem leið þín liggur
er ljóssins sífelt þörf
helgaðu hugsjón þeirri
öll handtök þín og störf
Við aöört þeirrar iðju
við yl frá þeirri sól
er gömlum gott að sofna
og gista hinsta ból.

Jeg kvarta ekki um kulda
þó kólni fljótt í tíð
en það er andans ylur
og innri samúð þýð.



sem mjer fanst, vinur, vanta
og valda gleði brest.
Því það er hjartans hlýja,
sem hugurinn þráir mest.

Finn. A. Jónasson.

## Stökur.

Fárum væti jeg brá sem barn
blíða og kæti dvínar.
Sundur tætir helkalt hjarn
hjartarætur mínar

Alt sem hryndir amia og neyð
er í skyndi flúið.
Mínu yndi er um leið
í þunglyndi snúið.

— — —

Burt hafa vindar fýlu feykt
fjör í skyndi búið.
Mitt er yndi aftur kveikt
alt þunglyndi flúið.

J. J.

## Sýndir fornmenn.

Á fyrri dögum sýndu menn missýningar, sem þá var haldinn galdur af fáfróðum. Nú ætla jeg að setja hjer dálitla skrítlu um það, ef sveitungar mínir hefðu gaman af því. Þegar jeg var ungur drengur í Djúpadal, þá var þar eittsinn staddur Einar skáld Andrjesson- sem optar, því hann var þar til vina. Bar þá í tal um þessar „konstir“, svo og kukl og særingar. Sagði hann þá frá því, er hann var sjóróðrarmaður á Suðurlandi kyntist hann manni einum við aldur, er Jón hjet ættuðum af Vesturlandi. Hann var dulur í skapi og ómannblendinn, og var Einari sagt að hann gæti sýnt „konstir.“ Einar var mjög hneigður fyrir slíkt. Fór hann því og



kyntist Jóni; gekk það vel. Kom svo tali þeirra, að Einar bað hann sýna sjer 12 fornmenn og tók þá til, en karl var tregur til þess, þó kom svo að hann lofaði því ef hann fengi spesíu í staðinn. Lofaði Einar því mjög glaður. Einn landlegudag gerði Jón, Einari boð að finna sig. Brá Einar fljótt við og fann Jón, sagði hann Einari að standa skamt frá sjóbúðarstafni, og mætti hann sig ei úr sporunum hræra hvað sem á gengi. Síðan fór karl á burtu. Þarna stóð Einar dálitla stund og hjelt á brjefi og blýanti til að hripa niður, það hann sæi; þar til hann sá mann koma fyrir annað búðarhornið og ganga hægt með stafninum og hverfa síðan fyrir hitt hornið. Hann

var í harra lagi og ~~a~~ var þrekinn
í spangabrynju, með fagran
skjöld á hlið, girtur spjóti, er var
sem á gull sæi, með gullbúið sverð
í hendi og lýsti af því sem gleri,
með gullroðinn hjálm á höfði. Hann
var mikilúðlegur í andliti, með miklu
og bratt enni og mjög hrukkótt;
þykt nef, brúnamikill og harðeygður
og hinn hermannlegasti. Það var
Egill Skallagrímsson.
Þá gekk maður í hárauðum skraut-
búnum klæðum, með fagran skjöld
á hlið og gyltann hjálm á höfði, gyrtur
fögru spjóti og bar í hendi ~~ato~~ atgeir
Hann var hár vexti, en fríður og karlmann-
Það var Gunnar á Hlíðarenda.
Þá gekk maður með skjöld á hlið
og stórt vopn í hendi, líkast sem
sax væri. Hann var átakalega sver í



vexti, líkast sem hnúttur um öll lið-
mót, breiðleitur og rauðjarpur á hár-
lit. Það var Grettir Ásmundsson.
Þá gekk maður. Hann var bæði hár og
gildur, fríður og karlmannlegur. Hann
hafði alvæpni, en að öðruleiti lítt skraut-
búinn. Hann var fríður og karlmannl.
Það var Gísli Súrsson.
Þá gekk maður hár vexti og hærðlegur
bjartleitur og fríður sýnum, með hjálm
á höfði og skjöld á hlið, sverð í hendi,
sem lýsti af. Hann var með herðu-
mönnum og hinn hermannlegasti
Það var Hörður Grímkelsson.
Þá gekk hjá maður hár og spengilegur
á vöxt með gulbjart hár, rjóður í
andliti, mjög fríður sýnum, í skraut
klæðum, með gyltan hjálm á höfði,
skjöld á hlið, bjart sverð gullbúið í
hendi, spjóti girtur. Þ. v. Kjart. Ólafsson.

Þá gekk hjá maður, að öllu búinn sem hinn fyrri, ekki eins hár, en fallega vaxinn, sviphýr og góðmannlegur, og ljettur í spori. Það var Steinþór á Eyri.
Þá kom maður, hár og þrekinn dökkjarpur á hár og skegg, hvítleitur í andliti, snarpleitur og harðlegur á að giska 3. ál. á hæð, í dökkbláum stakk er náði niður fyrir mjaðmir. Buxur voru með sama lit. Hann hafði kollhúfu á höfði, dökkan skjöld í vinstri hendi, en í hægri vorðu stóra exi reidda um öxl og glotti við tönn. Það var Skarphjeðinn Njálsson.
Þá gekk maður lítill vexti, en svo ljettur í spori og kvikslegur að enginn var eins. Hann hafði gyltan hjálm á höfði og gyltan skjöld, sem sól væri, með spjót í hendi og girtur



sverð mjög fagurbúna. Hann var í hárauðri ~~[illegible]~~ er náði ofan fyrir mjaðmir og silfurbelti um sig miðjan. Hann var fríður með gulbjart hár, harðleitur en þó sviphýr. Þ.v. Kári Sölmundarson.
Þá gekk hár maður og herðamikill hvítur í andliti, með hrafnsvart hár er tók ofan á axlir. Hann var ekki fríður, en hermannlegur og svo harðlegur sem eldur brynni úr augum hans. Hann var í dökkum búningi, með hjálm á höfði er syndist með járnspöngum, og stóra exi reidda um öxl. Það var Þorgeir Hávarðsson.
Þá kom maður hár og þrekinn, en þó tæpast jafnstór þessum, dökkur á hár og skegg, meðalvæpni, heldur fríður sinum og góðmannlegur að sjá. Það var Þormóður Kolbrúnarskáld.

Enn gekk maður framhjá Einari, ef mann skyldi kalla, því hann áleit hann vera fullar 4 ál á hæð og að því skapi sver. Hann var klæddur úlfgrárri úlpu, með dökkann skjöld á hlið og girtur spjóti og hjelt á vopni er sýndist engum manni bert. Hann var allur kafloðinn í framan og sást bara nef og kinnbein. Einari var svo illt við, að hann var nærri hrokkinn úr sporunum. Það var Ormur Stórólfsson og var hann sá 12. Þá kom Jón gamli og sagði: „Nú ertu búinn að sjá það, því borgt um og nú vil jeg fá spesíuna." Fjekk Einar honum hana með kom þakklæti fyrir skemtunina.
Einar bað hann segja sjer hvernig hann færi að þessu, en hann var ófáanlegur til þess. Einar setti það upp, í fyrsta



að þeir stönsuðu litla stund nálægt sjer, svo hann gæti hripað upp lýsinga af þeim og stönsuðu þeir allir nokkrar mínútur svo sem 2–3 faðma frá honum.
Eg hafði það hugfast að fá þetta skrifað upp hjá Einari, og eitt sinn þá fór jeg með konu minni út að Hraunum, því þar voru mestu vinir kona mín og Kristín fyrsta kona Einars á Hraunum. Í þeirri ferð fann jeg Einar skáld, bjó hann þá í Minna-holti. Bar þá í tal um sýningar lofaði hann mjer þá að senda mjer það, sem hann hafði skrifað um sýninguna, því hann nenti ekki að leita að því þá. Efndi hann það vel, en það var orðið bæði gamalt og máð og illt að lesa það. Bað jeg því Jón mág minn að hreinskrifa

Það, sem hann gerði, og hafði gaman af.

Símon Eiríksson í Litladal.

# Brot.

II.

## Mannvit. ———

„Vits er þörf
þeim er víða ratar
dælt es heima hvat
At augabragði
verðr, sás ekki kann
ok með snotrum sitr."

Mannvit er besta veganesti lífsins. Enginn getur hlotið fegurri arf, enn sje mannvit mikið. Það er líka að-mesti arfurinn, því sá er hefir það á altaf gagnvegi til góða lífsins. Mannvit sitt getur hver maður aukið á marga vegu. Þó fyrst með lestri góðra bóka,



er hver maður þarf að afla sjer. Íslenskar skáldsögur eru mikið lesnar. Þar eru margar perlur í bókmentunum vorum. Glöggir drættir úr íslensku þjóðlífi, runnar upp frá hjarta þjóðarinnar. Þessar sögur eiga erindi til vor og þær eigum við allir að lesa. Þýddu sögurnar eru á hverju strái. Þeim gef jeg minni trú. Í stórborgunum eru til rithöfundar, er hafa það eitt fyrir augum, að semja sögur fyrir hina óðri, sögur saurugar ytra og innra, eins og þeir sem lesa þær. Rithöfundar þessir hafa aðeins ábatamanninn fyrir augum og hin síðari þá ekki — Það er langt síðan þessar sögur slæddust inní íslenskar bókmentir. Jeg man það að sra Jónas Jónasson skaut olnboga að þeim draugum. Þessar sögur koma inn, oft á hrognamáli.

það má með sanni segja, að þó
sjeu niðurdrep íslenskrar tungu
a. m. k. svartur blettur á henni
og bókmentum vorum, er á sjer
engan tilverurjett. — Lofum
bóksölum vorum að skreyta með
þeim sölubúðir sínar. Kaupum
heldur fræðibækurnar þó dýrari sjeu
Setjum svo að fræðibókin kosti 15 kr
en sagan 5. Maðurinn kemur í
sölubúðina til bóksalans; sjer í
verðið. Kaupir 3 þýddar sögur.
Hann fer að lesa, en hvað hefir hann
eftir að loknum lestri? Ekki er
það mannvit. Það var að finna
í dýru bókinni. Maðurinn var
jafnsnauður, ef ekki snauðari,
að loknum lestri af fögrum
hugsjónum. Hann fór sannar-
lega villur vegar, í að leita
sjer mannvits. Athugaði ekki



verðmuninn sem lá í bókunum
sjálfum. Hann „keypti köttinn
í sekknum" og „gaf alt of mikið
fyrir pípuna sína." Íslensk alþýða
þarf að hafa eitthvað til að lesa
auk hinna svonefndu fræðibóka, og
það er líka til. Fornsögurnar víð-
frægu meiga ekki mygla í bóka-
skápnum. Í þeim er mest mann-
vit að fá. Þar er eitthvað gott á
hverju blaði. Lífsspekina mætir
oss þar á hvarjatn ~~blaði~~. Þar er forn-
málið lifandi og laðandi. Þar
eru stuttar setningar er segja
þó mikið. Þar sjest hvergi óþarfa
orð. Íslendingasögurnar eru sá hugð-
næmi brunnur, er aldrei þrýtur,
en svalar þeim öld eftir öld sem
þyrstir eftir mannviti. Í fornsögu
sjáum vjer svo mörg dæmi dreng-
skapar og tryggða, hreysti, hugrekkis

og fornfýsi. Heimskringla
kostar aðeins 15. kr. Hún er of lítið
lesin. Margir hafa ýmugust
á þessum fornu sögum, vegna
manndrápanna, og ekki eftir
af þeim tíma er mönnum var
bannað að lesa þær. En geta
ekki hinir sömu, er ekki geðjast
að sögunum, eins og þær koma
fyrir, lesið málið og perlurnar
úr þeim. Jeg er viss um að þá
lækkist og þá fengju menn ást
á þeim. Því mörg fegurstu dæmin
eru afleiðingar af hryðjuverkunum
Það er til tilfinnanlegur skortur á
að æskan lesi fornsögurnar.
Margir hverjir vita aðeins að til voru:
Grettir, Egill, Gunnar og Njáll o.s.frv.
en ekki um æfiatriði þeirra.
Fornsögurnar þurfa að vera á hverju
heimili. Það er sorglegt að koma á heimili



þar sem aðeins eru til fáeinir
„rómanar“ en engar fornsögur
þær hafa svo margfalt gildi. Þær
styðjast við söguleg sannindi og
eru sannar. Þær sýna aldarandann
og þjóðarsiðina. Látið börnin lesa
fornsögurnar og drekka í sig anda
úr þeim. Kætast með köppum
og konum og grátast um leið—
Hvar eru nú gömlu þulurnar?
Hittum þá er vjer förum að leita
mannvits. Þeir eru enn til. Þá
er gott að spyrja. Í svörum þeirra
er oft fróðleik að fá. Gamall þulur
svarar skýrt, talar af reynslu.
Mannvit er oft þar að hitta er síst sýnist.
Vjer finnum oft glóandi þul, undir gráu
hárunum, íslenskan í húð og hár.
Hrjóstugan hit ytra, en þegar hann
rjettir oss þykkan og hlýjan hramm
finnum vjer að innra er hann bjartur og
hlýr.

## Veðurhræðsla.

Geysist yfir freðin fjöll
feikna austan-veður.
Dátt í hönnum hlegja tröll
háreystin þau gleður.

Ýlfrar, þýtur, orgar, hvín,
ýskrar hamrömm kylja.
Nú er lítið, - Gúfan mín, -
logn á milli bylja.

Nú er ótti í sumra sál
sem ei hræðast kunni.
Ekki heyrist hundsins mál,
hrýktir í baðstofunni.

— — — — —

Hlákan garpa gleðja nam
er gaddur huldi móinn.
En þegar hún er í þessum ham
þá vil jeg heldur snjóinn.

S. V.

# Viljinn.

Lestrarfjelagsblað Miklabæjarsóknar.

| XIV. árg. | Litladal, 1922 (30/11) | 1. tbl. |
|---|---|---|

## Ávarp!

Um leið og Viljinn hefur göngu sína á þessum vetri, leyfi jeg mjer að ávarpa ykkur með nokkrum orðum, heiðruðu fjelagsmenn!

Um leið og jeg tók að mjer að rita Viljann, tók jeg mjer helzt til þungan burðarás um öxl, ekki síst fyrir það hvað fáir rita í blaðið, því jeg býst við að nú verði líkt og að undanförnu — að sár-fáir riti í blaðið.

Það kemur mjer undarlega fyrir, hvað fjelagsmenn styrkja blaðið

lítið en virðast hafa þó góðan áhuga með útkomu þess. Þetta virðist ósamkvæmt. Því ekki getur blaðið komið út, nema eitthvað sje ritað í það.

Nú vilja menn að blaðið sje sem fjölbreyttast, flytji sitt af hverju — en það verður það með því móti einu að margir riti í það.

Það eru mörg málefni, sem má ræða um í blaðinu. Það eru ýms fjelagsmál, sem ætti að skrifa um og rökræða í blaðinu, en þræta ekki um þau á fundum undirbúningslaust. Viljinn er okkar málgagn og það eigum við að nota. Utanfjelagsmönnum er líka heimilt að senda bl. ritgjörðir, svari þær tilgangi þess, eða ef einhvern langaði til að hreifa við áhugamáli sínu.



Auðvitað er hjer átt við innanhrepps menn.

Okkur er það öllum ljóst, hvað fundir eru venjulega illa sóttir hjer í hreppnum. Þess vegna virðist ekkert á móti því, að formælendur málanna gefu mönnum kost á að heyra þau hreift og jafnvel rædd í Viljanum. Þetta mundi draga athygli manna að málunum og herða á mönnum að sækja fundina betur. Og menn kyntust málunum og væru betur undirbúnir að greiða atkvæði sín.

Það er líka margt fleira, sem Viljinn tæki á móti t.d.: sögum, gátum, kvæðum, skrítlum og s. frv. En að það sje helzt frumsamið og ekki mjög langt. — — —

Okkur er það víst öllum kunnugt, að blaðið Viljinn má ekki

ganga nema ad eins á milli fjelagsmanna eda á þau heimili, sem fjelagsmadur er á. Það hefur því enginn fjelagsmad-ur heimild til þess ad lána bladid utanfjelagsmanni. Þetta er strang-lega tekid fram.

Þeir bæir (í Miklabæjarsókn), sem enginn er á í lestrarfjelaginu, meiga ekki búast vid ad fá bladid, nema þeir gangi inn í lestrarfjelagid. Og vilji menn fá skemmtun og fródleik, þá er ekki miklu tilkostad

Ennfremur meiga fjelagsmenn utan Miklabæjarsóknar, ekki bú-ast vid ad fá bladid heim til sín, en þeir geta fengid ad lesa það hjá bókaverdi á eftir göngu þess, eda þá hjá ritstjóranum því honum ber ad fá bladid aftur í hvert sinn og það



hefur gengid á milli, medan á útgáfunni stendur.

Heidrudu fjelagsmenn! Viljinn verdur ad ganga greidara á milli ykkar en undanfarandi. Hann má alls ekki vera lengur en eina nótt á bæ, ef engin forföll banna. Gætid ad því, ad allir vilja sjá hann sem fyrst og sá seinasti hefur jafnan rjett til hans, eins og sá fyrsti.

Líka verdur ad fara vel med hann og láta hann sem allra-minnst óhreinkast, því hann er ungur enn og vill vera laglega til fara.

Ad lokum leyfi jeg mjer, ad áminna ykkur med það ad stydja ad útkomu bladsins, med því ad senda í það ritgerdir, svo það geti ordid fólki til skemtunar og fródleiks og stytt med því hin löngu vetrar-kvöld.

Kveð jeg svo sveininn unga úr blaði og óska honum fararheilla.

Agnar Baldvinsson.

## Nokkrar vísur

gamlar og nýjar, en sjerkennilegar.

Árið 1904, ritaði jeg grein, í blaðið Vestra á Ísafirði, sem var um sjerkennilegar vísur eða vísna flokka, t.d. Hringvísurnar, Sáravísurnar og Heimslistavísurnar og s. frv.

Það eru víðsvegar um land slíkar vísur á sveimi, sem væri gaman að safna saman, því þær sýna ljóðaleik Íslendinga, með því líka að margar af þeim eru mjög vel kveðnar.

Eitt sem jeg minnist á, í



nefndri Vestragrein, voru vísur, sem sumir kalla samnefndar, af því að síðasta orðið í hverri vísulínu, er samnefni, en hefur þó hvert sína sjerstaka þýðingu.

Sýnishorn af þessum vísum, setti jeg í Vestra, og litlu síðar tók Tryggvi Gunnarsson þær upp í Þjóðvinafjelagsalmanakið. Og bent hefur mjer verið á, að þær muni vera í fyrsta árg. Viljans. En af því að nú hefi jeg safnað fleirum, þá þykir ~~mer~~ mjer vel til hlýða, að Viljinn geymi þær allar.

Ennfremur þætti ~~mer~~ mjer vænt um, ef einhver kynni þessháttar vísur, að hann gæfi mjer þær uppskrifaðar.

Það er annars margt í fórum manna, sem verðugt

væri að safna saman og
geyma í einu lagi.

1. Bóndinn sá, sem byggir Ás,
beitir fjenu suðrí ás;
í spilunum er spaðaás,
spýta er höfð í mæniás.

2. Sýslumaður setti rjett,
sem var líka alveg rjett;
kindunum jeg kom í rjett,
karlinum var lambið rjett.

3. Nyrzt á Ströndum stendur Horn,
Stígur gamli byggði Horn;
Tóra hefur fjögur horn,
forðast inni króarhorn.

4. Í klettum sá jeg sitja val;
sárir falla menn í val;
konan, hún er kvennaval;
kallaði jeg á hundinn Val.

5. Í stafrófinu stendur há;
stúlkan mín er griðarhá;
af Rauðku gömlu reiddi há;
rekkar slóu á túni há.

6. Fjekk jeg mjer úr fiski sló;
fremur lítið bóndinn sló;
kindur hafa horn með sló;
heyrði jeg að klukkan sló.

7. Fótur mannsins fór úr lið,
er fallið hafði um bryggjar lið;
safnaðist þá saman lið,
sem að honum veitti lið.

8. Á saumafati sá jeg flá;
á silungsnet mig vantar flá;
húð af trippi höldar flá,
sem heiðar-ofan í drap sig flá.

9. Gekk hann oft um gljúfraskeið;
glaður bar að munni skeið;
hesti sínum hleypti á skeið;
hart í vefstól lamdi skeið.

Syngja margir saman lög;
sýnast flákin okkar lög;
sagði mjer hún Sigurlög,
að setja í veggim fleiri lög.

11. Steypti jeg mjer í strauminn ber;
strákana með hnefum ber;
fallega klárinn klyfjar ber;
krakkar tína á sumrin ber.

12. Bóndinn sá, sem býr á Egg,
brýnir ljá svo kemur egg;
fór í háa fjallsins egg
og fann þar dáuan smyrilsegg.

13. Eitt sinn kom jeg út og sá
einn mann, sem aðreiddi sá,
mjer var sagt að maður sá,
mundi ætla' að far' að sá.

14. Þú skalt læra um þágufall;
Þórður keypti sauðarfall;
sjómenn þekkja sjávarfall;
sveinar varast glímu fall.



15. Fór jeg upp á fjalla brún;
Finnur seldi stóra Brún;
kosta jörð er kölluð Brún;
karlinn hefur sjglibrún.

16. Kölluðum við kvolpinn Hring;
konan bar úr gulli hring;
til ábúðar tók jeg Hring;
tafinn var í sólarhring.

17. Kristján sá jeg kaupa á.
Keypti ánn sá frá Bægisá.
Hann að sá var akri á;
órköpi sá af krónum á.

18. Ekki er prikið innan holt.
Einhver kemur sunnan holt.
Síra Jóni seldi jeg Holt.
Sig að baða þykir holt.

(B. B.)

# Spámaðurinn.

Bóndi nokkur í Húnavatnssýslu, hefur um all-langt skeið dreymt fyrir tíðarfari og þar af leiðandi spáð fyrir ókomnum tíma. Í haust eða snemma í vetur, hafði hann þau ummæli: að „mikið ætti hann eftir að hlána og rigna, og það bráðlega". En þá var kuldi og norðaustan stormur.

Þá var hann spurður að, hvernig veturinn þessi mundi verða. Því svaraði hann litlu, en sagði: „að vorið yrði hart."

Nú er gaman að hafa þetta í mynni, og vita hvort maður þessi er sannur spámaður.

Ritstj.



# Á víð og dreif.

Jeg hef orðið fyrir þeirri náð hjá hinum unga ritstjóra Viljans, að hann hefur leyft mjer rúm í sínu heiðraða blaði — kann jeg honum þökk fyrir það.

Vil jeg því í upphafi máls míns, senda kveðju guðs og mína hinum háttvirtu lestrarfjelagsmönnum, körlum og konum í Miklabæjarsókn, og þakka þeim þá sæmd, sem það góða fólk hefur veitt mjer með því, að gera mig að heiðursfjelaga sínum. Mun jeg reyna eftir föngum að virða og styðja lestrarfjelagið, meðan míns nýtur við. — — —

Það var árið 1898, drottinsdaginn 5. nóvember, sem það undur

skjedi hér í Miklabæjarsókn-
inni, að jeg hleypti af stokk-
unum mínu andlega fleyi,
sveitarbladinu Viljinn. Þad
hafdi ekki sjed í manna minn-
um fyrri og litu menn þá upp
svo stórum augum á sveininn
unga, að þau voru eins og
stjörnur himins. Viljanum
var tekid med ógleymanlegum
fögnudi. Þad gerdist svo
mikid nýtt líf í hinar and-
legu ædar fólksins að líkam-
arnir stukku med kvóann
í einum sprretti á milli bæ-
janna til þess sem allra-
fyrst að geta glatt nágranna
sína med gestkomunni. Hann
var borinn á höndum og far-
id med hann eins og kóngsson
kominn úr álögum. Og ekki
vantadi gjafirnar hjá vitring-
unum, þó þær væru ekki gull,



reykelsi nje myrra. Menn
kepptust vid ad klæda svein-
inn og láta hann vera sem
bezt til fara. Brjefin komu
eins og snjódrífa til ritstjór-
ans. Ungir og gamlir, karl-
og konur, tóku til að rita í
bladid um allt á milli him-
ins og jardar. Og mátti segja,
að í bladinu kendi margra
grasa. Eg man einna bezt
eftir þremur ungum mönnum,
sem stód mikill gustur af
þegar þeir þeystu hjá. Þeir
voru allir gódir vinir mínir,
allt fyrir þad, þó stundum yrdi
all-hvast á leiksvidinu. Þad
voru þeir Skinþúfubrædur (nú
Vallanes), Þorleifur og Stefán,
og Gísli Björnsson, nú odd-
viti og sýslunefndarmadur
á Vöglum. Þessir menn lágu
ekki á lidi sínu og komu

sem víkingar að landi, og báru vopnin karlmannlega, en innan við herklæðin sló hjarta heitt í brjósti, fullt af drengskap og hreinlyndi. — Þá var einn enn, sem kom fram sem sannur riddari og bar vopnin fimlegast, og mjer er hann ekki síður ógleymanlegur. Við áttum ~~áttum~~ í höggi saman, en aldrei kom það fyrir að sá leikur færti að nokkrum mun, vináttu okkar. Þessi síðast taldi var sjera Björn Jónsson á Miklabæ. — Það var annars í alvöru talað, ~~talað~~ ekki svo lítil andleg hreifing, sem blaðið Viljinn kom af stað hjer í sókninni, meiri en suma grunar. Auðvitað var fleira sem var orsök til þess.



Og þó jeg viti, að Viljinn sje viðvaningslegur og margt í blaðinu ljettmeti, þá er jeg þó þess meðvitandi, að hann geymir ýms gullkorn og nærri því að segja mjer finnist, að blaðlausar sóknir, gætu öfundað Miklabæjarsókn í þessu tilliti. Og jeg álít, að hann ætti að geymast vel.

Nú eru 24 ár síðan byrjað var að gefa út Viljann, en mjer er sagt að hann ekki hafi komið út nema 13 vetur — 13 árgangar. Allt svo hefur hann ekki komið út í 11 ár — og er það nokkuð stór eyða.

Blaðið ætti að koma út á hverjum vetri og vanda til þess. Ungir menn og ungar stúlkur, ættu að finna köllun hjá sjer til að rita í það. Það kemur

manni ad hugsa og kennir manni ad færa hugsanirnar í fallegan búning. Sem mest ættu menn ad rita med fullu nafni sínu, en sneida hjá persónulegum stóryrdum. Menn eiga ad halda sjer fast að málefninu sjálfu og sannfæringu sinni med kurteisi og drengskap. Þá verdur bladid vinsælt og nær tilgangi sínum. Eg álít, ad nú sjeu til drengir og stúlkur hjer í sókninni, sem gætu ritad laglega smágreinar í bladid, alveg eins og var á fyrsta ári Viljans. Menntun og menning hefur vaxid med skólagöngunni og samgöngunum. Svo á jeg bágt med ad trúa því, ad eldri menn gjetu ekki heyrað til sín vid og vid.



Bladid heitir Viljinn. Og þad er fyrsta skilyrdid sem fólk verdur ad hafa, þad er — vilji. Þá mun eitthvad koma á eftir, því „viljinn dregur hálft hlass".

Látid ykkur þykja vænt um Viljann og sýnid þad í verkinu.

„Lestrarfjelagid" ætladi jeg lítid eitt ad minnast á.

Eg ætla, ad menn muni treysta því, ad jeg hafi reynslu og vit til ad segja eitthvad um það. Eg hef of lítid kynnt mjer þad hjá ykkur, gódu fjelagsmenn. En þó svo, ad jeg þekki þad ad nokkru.

Þar er sumt sem þyrfti ad laga og breyta til bóta. Það þarf t.d. ad endurskoda lögin og breyta sumu í þeim.

Þad er ekki venja og á ekki

ad vera, <u>ad</u> bókavördur sje í stjórninni. Þad eiga ad vera 3 menn í henni, og þeir ráda bókavördinn, einhvern hæfan utan stjórnar. Hann er sem sje þjónn stjórnarinnar. Hún á svo ad líta eftir verki hans.

Bókavördur á svo ad leggja fram skýrslu á hverjum adalfundi um útlán bóka. Hann á ad hafa Útlánsbók, Móttökubók og Reikningsbók. Þetta er þad minsta sem hann kemst af med. Í Útlánsbókina færir hann greinilega allt útlán bóka á árinu, eftir vissu formi, og upp úr henni semur hann skýrslu þá, sem fyr er nefnd. Í Móttökubókina innfærir hann hverja bók sem kemur til safnsins. — Bókavördur þarf ad sjá um allar smá- adgerdir safnsins: svo sem bóka-



skápa, gera vid bækur og fl. og fl., og jafnvel kaupa inn bækur eda tímarit í vidlögum. Líka ber honum ad taka á móti öllum árstillögum. Og allan tilkostnad og tillög, færir hann inn í Reikningsbók og kemur svo med adalreikning á Adalfund. Árstillögum manna skilar bókavördur til formanns, en formadur er gjaldkerinn.

Þad, ad bókavördur taki á móti öllum árstillögum, er þad sjálfsagdasta. Og ætti hver fjelagsmadur ad greida árstillag sitt um leid og hann tekur til lesturs fyrstu bók á hverju ári. Þad væri gód regla — og hefur gefist vel.

Med þessu fyrirkomulagi, er krókalaus vegur til bókavardar hvenær svo sem á árinu menn vilja gerast fjelagar og fá sjer bók til lesturs. Med því líka

langanir og þrár, endurminn-
ingar, kvíði og sælar vonir.

Barnið þráir eitthvað, sem það ekki getur gert sjer grein fyrir, það er eins og það langi til að hafa vængi og fljúga, og sjá hvað hinu megin sjóndeildarhringsins er. Draumsjónir þess eru sambland af sælu og kvöl. Það finnur til; einhver útþrá og ókyrleiki og vanmáttur, gerir litla hjartað órótt.

— Ungi maðurinn og unga stúlkan, sem máske sýnast lífsglöð og laus við áhyggjur og reynslu, bera í hjarta sínu tilfinningar, sem gerir hjartað órótt. Einhver sterk þrá og löngun gerir meira og minna vart við sig, sjerstaklega á einverustundunum. Einhverjar fagrar hugsjónir og vonir, svífa fyrir í hyllingum svo undur-fagrar og hug-



ljúfar, en hverfa skyndilega og skilja eftir þrá og sársauka. —

Eldra fólk hefur áhyggjurnar og lífsreynsluna og veit hvað ~~hvað~~ það er, að þola sársaukann í lífinu. Enginn, með heitum og góðum tilfinningum og göfugri sál, hefur farið varhluta af því mótdræga. — —

En svo minnist jeg krossberanna. Og þeir eru margir. Og allt af í kringum okkur. Það eru þeir, sem orðið hafa fyrir vonbrigðum, vinamissir, heilsutjóni og s. frv. Og þeir máske eru miklu fleiri en okkur grunar. — — —

Þegar litið er nú á mannlífið með reynslu og þekkingu, verður ályktunin þessi: að kærleiksríkasta verkið sje að gleðja aðra, auðsýna mildi, samúð

og umburdarlyndi. — En því er midur, ad okkur hættir til ad vera ónærfærin, þegar vid göngum um þetta mikla sjúkrahús jardlífsins, og þess vegna verda sárin heitari, sorgirnar þyngri og einverustundirnar fleiri og lengri. — — —

Lífid er fagurt og elskuvert. Og lífgjafarinn vill ad vid sjáum lífsglöd og bjartsýn. Og vid skulum reyna ad styrkja þessar dygdir bædi hjá okkur sjálfum og ödrum, sem vid lifum med.

Madurinn er sjálfstædastur og sannastur á einverustundum sínum. Byggir þá stundum sínar ~~sínar~~ fegurstu borgir og hugsar sínar hreinustu og göfugustu hugsanir. En líka þvert á móti getur sókt



ad huganum ýmsar kveljandi árásir og kvídi. Og þá verdur einveran þung og leidinleg, og þá er gott og holt ad rjúfa hina heimulegu þungu þögn, med hlýju og glödu ávarpi og veita mildum samúdarstraumum inn á þetta þögula líf.

Þad eru margir sem sitja í einhverjum skugga. Sælt er þad, ad geta látid ylgeisla kærleikans skína á þá.

Öll vidleitni í þessa átt er fögur, og innifelst í hluttekningu og samúd.

Allir hafa reynt hvad gott vidmót hefur mikid gildi. Þad er töfrasproti, sem allar hurdir hrökkva upp fyrir. Manni þykkir strax eins og vænt um hvern þann, sem hefur gott vidmót.

Og allir þekkja íslenzku gest-

visuna. Hún er ekki einvördungu innifalin í mat og drykk. — — — —

En nú þykist jeg vita, að ritstjóranum þyki jeg vera orðinn helzt til langorður og er mjer því bezt að fara taka til botninn — því ekki er það samkvæmt efni seinni hluta þessarar greinar, að reita hann til reiði.

Eg lýk þá máli mínu með þeirri von, að blaðið Viljinn geti stytt mönnum stundir og glatt eitthvað í kringum sig.

Með virðingu og vinsemd.
B. Bárddal.



## S-t-ö-k-u-r.

Fjallatinda fellur á
fönnin, myndar kögur.
Blása vindar, bana fá
blómin yndisfögur.
Ragnar.

Heims-þó gælur glepji menn
og gremju-kali straumar,
eiga hæli hjá mjer enn
hlýir sæludraumar.

Sín uppdregin segl með skreytt,
sje jeg fleyið ganga;
á ránar vegi borða breitt
ber við eyju Dranga. Z.

## Vísa í veltu.

Linna grundar rósin rjóð
röðli undir dafni.
Þinna stunda gæfan góð
gleði-fundum safni.
Bárddal.

# Búfjárskoðun.

Eins og kunnugt er, framkvæmd-
um við Björn Sigurðsson á Stóru-
Ökrum, búfjárskoðun hjer í nokk-
rum hluta hreppsins, síðastlið-
inn vetur.

Þar sem skýrslur, um skoðun
búfjár, ekki eru lagðar fram
til athugunar hjer í hreppnum
og mönnum því ókunnar, datt
mjer í hug að draga út úr
skýrslu okkar Björns, aðal-
einkunn, fyrir meðferð á
skepnum og umgengni.

Á skoðunarskýrslunum, eru
ekki reiknaðar út aðaleinkunnir,
heldur gefið fyrir hverja skepnu-
tegund út af fyrir sig.

Býst jeg við að mönnum
þyki gaman að fara yfir út-
dráttinn, enda virðist gagns-



lítið að gefa einkunnir og jafn-
vel að skoða — ef menn vita svo
ekkert meira. Eg lít svo á, ef
þeir sem framkvæma búfjárskoð-
un og gefa nokkurnveginn á-
byggilegar skýrslur, sje talsvert
á þeim að græða.

Og mjer er kunnugt um það, að
austur í Þingeyjarsýslu, er gefið
út sveitarblað er flytur skýrslu
um búfjárskoðun á því svæði,
sem blaðið gengur um, á hverj-
jum vetri. Og sagt hefur mjer
verið, að þetta hafi haft góðan
árangur: aukið metnað hjá mönn-
um og betri meðferð á skepn-
um.

Í útdrættinum, sleppi jeg nokk-
rum mönnum, sem við skoð-
uðum hjá, af þeirri ástæðu, að
þeir eru fluttir burt úr hreppnum
og einn dáinn.

Aðaleinkunn.

| | |
|---|---|
| Jón Jónss., Bólu | 4.65 |
| Jón Jónss., Fossi | 4.62 |
| Jóhannes Þorsteinss., Uppsölum | 5.12 |
| Helgi Daníelss., —„— | 4.46. |
| Guðm. Guðmundss., Kúskerpi | 4.67. |
| Jóhann Sigurðss., Úlfsstöðum | 5.33. |
| Kristinn Helgason —„— | 4.83. |
| Hinrik Kristjánss., Úlfsst.koti | 4.92. |
| Helgi Arnason, Sólheimagerði | 5.44. |
| Pjetur Valdimarss., —„— | 5 |
| Stefán Vagnss., Sólheimum | 5.17. |
| Kristinn Jóhannss., Miðsitju | 4.25. |
| Jóhann Jónass., —„— | 4.65. |
| Jóhannes Guðmundss., Hellu | 4.70 |
| Gísli Sigurðss., Víðivöllum | 5.55. |
| Jón Árnason, —„— | 5.21. |
| Bjarni Bjarnason, Víkurkoti | 5 |
| Síra Lárus Arnórss., Miklabæ | 5.46. |
| Síra Björn Jónss., —„— | 5.17. |
| Þorsteinn Björnss., Hrólfsstöðum | 4.55. |
| Gísli Björnss., Vöglum | 5.50 |
| Magnús Gíslason —„— | 4.94 |



Aðaleinkunn.

| | |
|---|---|
| Jón Kristjánss., Vaglagerði | 4.91. |
| Jóhannes Bjarnason, Grundarkoti | 4.35. |
| Jóhannes Jónss., Þorleifsstöðum | 4.65. |
| Pjetur Jónsson —„— | 4.65. |
| Jón Gíslason, Miðhúsum | 4.54. |
| Gísli Þorfinnss., —„— | 4.65. |
| Stefán Jónss., Höskuldsstöðum | 5.40. |
| Jón Jónss., —„— | 5.20. |
| Björn Sigurðss., Stóru-Ökrum | 5.08. |
| Kristján Gíslason, Minni-Ökrum | 5 |
| Halldór Stefánss., Brekkukoti | 4.65. |
| Ögnar Baldvinss., Litladal | 4.90. |
| Símon Eiríkss. —„— | 5.33 |
| Sigríður Jónsd., Mikley | 4.50. |
| Sigurður Einarss., Stokkhólmi | 4.62. |
| Sigurður Guðmundss., Miklabæ | 4.42. |

Ögnar Baldvinsson.

# Athugasemd.

Eg, Baldvin Bergvinsson, hefi fyrir mörgum árum tekid upp auknefnid Bárddal, af því jeg er fæddur í Bárdardal.

Er nafn mitt því þannig ritad í opinberar bækur til margra ára hjer og hvar, og jeg nefndur med því nafni. Og med því líka ad jeg ~~ad jeg~~ á sínum tíma, hefi <u>keypt</u> nafnid af því opinbera, vil jeg advara menn um — ad nefna mig og skrifa á þann hátt.

Líka hefur enginn hjer á landi, leyfi til ad brúka þetta nafn.

Litladal 30/11 1922.

Med virdingu.

Baldvin Bárddal.



# Passi Gröndals.

Þad voru lög hjer fyrrum, ad menn urdu ad fá sjer vegabrjef (passa) hjá yfirvaldi til þess ad geta ferdast frjálsir inn í annad lögsagna umdæmi. Þetta vegabrjef eda passa, sem hjer fer á eftir, gaf Benedikt Gröndal vinnukonu sinni í Reykjavík, sem fluttist vistferlum frá honum og ordar hann audvitad á sína vísu.

Passinn er einkennilegur og líkur Gröndal, og þar sem búast má vid, ad sumir af lesendum Viljans hafi ekki heyrt hann, þá birtum vjer hann hjer:

„Hjer med kunngerist: Ad stúlkan Vilborg Sigurdardóttir ætlar nú vistferlum hjedan úr bænum og nordur í Húnavatnssýslu og er hún til þess fullkomlega frjáls,

hvort hún vill heldur fara í
norður, vestur, austur eða suður
og eftir öllum strykum kompa-
ássins, hvort hún heldur vill
ganga eða hlaupa, stökkva, klifra,
skríða, fara á handahlaupum,
sigla eða fljúga; áminnast hjer
með allir karlmenn um, að fikta
ekkert við Borgu, fremur en hún
sjálf vill leyfa og engar hindr-
anir henni að gera, ekki bregða
henni hælkrók nje leggja hana á
klofbragði, heldur láta hana fara
frjálsa og óhindraða og hurrandi
í loftinu, hvert á land sem hún
vill, þar eð hún hefir hvorki
rænt eða drepið mann; ekki stol-
ið nje logið, ekki svikið nje neitt
gert, sem á verður haft.

Lýsist hún því hjer með frí og
frjáls fyrir öllum sýslumönnum
og hreppstjórum, böðlum og bes-
efum, kristnum og ókristnum,
guðhræddum sem hundheiðnum,
körlum og konum, börnum og
blóðtökumönnum, heldur áminn-
ast allir og umbiðjast að hjálpa
nefndri Borgu og greiða veg
hennar, hvort heldur hún vill
láta draga sig, aka sjer, bera
sig á háhesti, reiða sig í kláf-
um, reiða sig á merum eða
múlösnum, tryppum eða truss-
hestum, gæðingum eða graðung-
um, í hrípum eða hverju því
sem flutt verður á.

Þetta öllum til þóknanlegrar
undirrjettingar, sem sjá kunna
passa þenna. Enginn sóknar-
prestur þarf að skrifa hjer uppá.

Reykjavík, 5. maí 1886.

B. Gröndal."

Sigurbjörn nokkur Björnsson, sem var á Svalbardsströnd við Eyjafjörð, var skringilegur hagyrðingur. Hann kvað:

Þakan klettum unir í
oft með brettum stórum,
setur ketti á sund í dý
svo að skvettist út úr því.

" " " " "

Gamla Grána gráhærða
gríðar þáninn harði;
dreyra úr mána drukku þar,
drífu á tána hljesvargar.

Rífur upp mosa úr leirflagi
linna tosa rosa;
drífur mosa úr dreyrdragi,
drínar hosa freyrfræi.

B. B.

---

Ritstjóri: Agnar Baldvinsson.

# Gangur „Viljans."

| | Kom. | För. |
|---|---|---|
| Djúpidalur . . . . . | 15/12 | 16/12 |
| Litlidalur . . . . . | 16/12 | 16/12 |
| Stóru Akrar . . . . . | 16/12 | 18/12 |
| Höskuldsstaðir . . . . | 18-12 | 19-12 |
| Miðhús . . . . . | 19/12 | 22-12 |
| Þorleifsstaðir . . . . | 22/12 | 23/12 |
| Vaglagerði . . . . . | 23-12. | 24-12. |
| Vaglar . . . . . | 24/12 | 25/12 |
| Hrólfsstaðir . . . . | 25/12 | 26/12 |
| Miklibær . . . . . | 26/12 | 27 Des |
| Víðivellir . . . . . | 27/12 | 28/12 |
| Miðsitja . . . . . | 29/12 | 31/12 |
| Sólheimar . . . . . | 28/12 | 29/12 |
| Sólheimagerði . . . . | 31/12 | 3/1 |
| Úlfsstaðir . . . . . | | |